

Umhverfissráðuneytið
Sigríður Auður Arnardóttir
Skuggasund 1
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 20. janúar 2012
2012010029/42-4-0
TB
jgo/tb

Efni: Lög nr. 64/1994, starfshópur um verndun og endurreisn svartfuglastofna

Vísað er til bréfs frá umhverfissráðuneytinu, dags. 9. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Ísland um skýrslu starfshóps um verndun og endurreisn svartfuglastofna og tillögum stofnunarinnar um vernd, friðun og veiðar á fimm tegundum svartfugla, álku, stuttnefju, langvíu, lunda og teistu. Í erindi umhverfissráðuneytisins eru ekki lögð fram drög að lagabreytingum.

Náttúrufræðistofnun átti fulltrúa í framangreindum starfshópi. Niðurstöður rannsókna og vöktunar undanfarin ár benda eindregið til þess að stöðug fækkun hafi verið í stofnum allra framangreindra fimm tegunda. Ástæður fækkunarinnar eru samspil margra óhagstæðra umhverfispáttá sem ýmist eru af manna völdum, beint eða óbeint, eða hluti af náttúrulegum breytingum. Allir orsakapættir eru ekki þekktir en áhrifin eru það. Einnig er ljóst að þó umhverfisaðstæður batni þá muni það taka töluverðan tíma fyrir stofnana að rétta úr kútnum vegna lítillar árlegrar frjósemi tegundanna og vegna þess hve einstaklingar þessara tegunda verða seint kynþroska. Náttúrufræðistofnun telur ekki ástæðu til þess hér að rekja innihald skýrslu starfshópsins eða rök meirihluta hópsins fyrir tillögum sínum. **Náttúrufræðistofnun vill hins vegar taka fram að stofnunin tekur undir rök og tillögur meirihluta starfshópsins.**

Ein meginforsenda þess að leyfa skuli veiðar úr fuglastofnum er að nýting þeirra sé sjálfbær. Að veiða úr fuglastofnum sem „búa“ við stöðuga fækkun í áráraðir getur ekki talist sjálfbær nýting samkvæmt skilgreiningum. Þetta á jafnt við þó aðrir þættir en veiðar hafi líka veruleg áhrif á stöðu stofnanna. Þau rök að leyfa skuli veiðar vegna þess að orsakasamhengi og afleiðing allra umhverfispáttá sé ekki þekkt getur ekki heldur talist samkvæmt markmiðum sjálfbærrar nýtingar/þróunar. Í þessu sambandi ber að líta til varúðarsjónarmiða og ekki nota skort á vísindalegri þekkingu sem rök fyrir veiðum.

Ákjósanleg verndarstaða framangreindra fimm tegunda, álku, stuttnefju, langvíu, lunda og teistu hefur ekki verið ákveðin formlega. Eðli málsins samkvæmt getur verið erfitt að ákveða hver sé náttúruleg ákjósanleg staða einstakra fuglastofna meðal annars hve stórir einstakir stofnar „eigi“ að vera. Auðveldara er að benda á hvort tegund búi við eðlilega viðkomu og nýliðun eða hvort búsvæðum hennar er spillt eða raskað. Þó æskilegt sé að ákveða



ákjósanlega verndarstöðu einstakra stofna, og þar með stærð þeirra vegna stjórnunar á nýtingu þeirra, þá verður það ekki gert nema með góðum undirbúningi. Í því felst að stunda þarf markvissar rannsóknir og vöktun, yfir lengri tíma, á einstökum stofnum/tegundum sem geta skilað eins áreiðanlegum niðurstöðum og kostur er. Það verður því að taka tillögur starfshópsins um rannsóknir og vöktun alvarlega og í þeim efnum þýðir ekkert hálfkák ef sú staða á ekki sífellt að koma upp að efast er um gæði vísindalegra gagna í hvert skipti sem stjórnvöld taka ákvarðanir um vernd, friðun og veiðar.

Eins og áður segir tekur Náttúrufræðistofnun almennt undir tillögur starfshópsins þ.m.t. að friða eigi lunda, álku, stuttnefju, langvíu og teistu til fimm ára. Leggja ber áherslu á að veiðar séu eingöngu leyfðar ef þær eru sjálfbærar þ.e. ekki úr stofnun sem eru í hnignun árum saman.

Náttúrufræðistofnun telur að hægt sé að ná framangreindu með reglugerðarsetningu en að skoða verði sérstaklega að hlunnindanýting gangi ekki framur friðunar- og verndarákvæðum. Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að skráning veiða sé bætt þ.m.t. eggjataka, þegar hún er leyfð, og að fugladauði í netum fiskiskipa og báta.

Náttúrufræðistofnun er tilbúin til að mæta á fund með ráðuneytinu til að fara yfir málið, sé þess óskað.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

